# ÞRASTARÁS 16 HAFNARFIRÐI.

Sambykkt á fundi
bygginganefndar þann
25 APR. 2001
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Kristján Þórarinsson







tifftopdf - www.rubisoftware.com - Demo Version

## Skýringar vegna eldvarna:

BO. táknar björgunarop, samkv. reglugerð um brunavarnir og brunamál.

Táknar rýmingarleið, samkv. reglugerð um brunavarnir og brunamál.

Reykskynjari, staðsetjist samkv. teikningu.

Byggingarlýsing / verklýsing:

1 hæð er staðsteypt á hefðbundinn hátt og einangruð að innanverðu.
2 og 3 hæð er staðsteypt, einangruð og klætt að utanverðu.
Undirstöður og botnplata eru staðsteyptar á þjappaðri hraunfyllingu.
Botnplata vélslípuð og eða með gólflögn, með halla að niðurföllum.
Gólfplata 2 og 3 hæðar er staðsteypt 16-18 sm vélslípuð og eða gólflögn 4 sm.
Útveggir 1 hæðar eru staðsteyptir 180 mm. einangrun 100 mm. múrhúð 20 mm.
Útveggir 2 og 3 hæðar eru staðsteyptir 150 mm.
Að utanverðu eru veggir einangraðir og klæddir með sléttri plötuklæðningu.
Á vegg er fest 45×100 mm. blikk-leiðarar c/c 600 mm., leiðurum er fest við steyptan vegg með blikk/knegtum c/c 1200mm., með Φ 10 mm. múrboltum eða öðrum jafn sterkum festingum.
Til að tryggja höggþol klæðningarinnar er blikkleiðurum fjölgað um helming á neðstu 1200 mm. á veggjum.
Á milli leiðara er einangrað með 100 mm. steinull.
Klæðning slétt ál, eða sambærilegt plötuefni er skrúfað á leiðara, undir þver- og langsamskeyti skal loka með renning úr sama efni og leiðarar.
Vatnsbretti og áfellur skulu vera úr sama efni og klæðningar.
Þak er byggt úr timbursperrum sem hvíla á steyptri efstu plötu, þá er þak heilklætt með 25×150 mm. borðvið, þakpappa og þakstáli.
Steyptir veggir eru sandspartlaðir og málaðir að innanverðu.
Veggir (eldhindrandi) milli einstakra eininga, aðrir en steyptir eru a.m.k. EI60 eldhindrandi veggir.
Hlaðnir EI60 veggir, ekki berandi veggir milli einstakra eininga, eru uppbyggðir sem hér seigir:
70 mm. hlaðin vikurveggur, múrhúðaður beggja vegna með 15 mm múrhúð.
Léttir EI60 veggir, léttir milliveggir á milli einstakra eininga eru uppbyggðir sem hér segir:
35 × 120 mm. blikkgrind fyllt með steinullareinangrun og klæddir beggja vegna með 2 ×13 mm gifsplötum.
Húsið verður hitað með miðstöðvarofnum, og eru lagnir sýnilegar að hluta.

LR. táknar loftræsting.
Herbergi og svæði sem liggja að útvegg eru loftræst um opnanl. glugga, lokuð innrými eru loftræst í gegnum blikk stokka, sjálftrekkjandi eða með vélrænni loftræstingu eftir því sem við á.

Sérstakar skýringar vegna einangrunnar:
Botnplata er einangruð með 75 mm. einangrunarplasti, veggir sökkla eru einangraðir 50 sm. niður fyrir plötu með 75 mm einangrunarplasti. Ofan á einangrun gólfplötu skal leggja þolplast (rakasperra)
Útveggir 1 hæðar eru einangraðir með 100 mm plasteinangurn að innanverðu og utanverðu þar sem jarðvegur kemur að húsi.
Útveggir 2 og 3 hæðar eru einangraðir með 100 mm. steinull að utanverðu.
Þak er einangrað með 200 mm. steinullareinangrun.

Í gluggum er tvöfalt K-einangrunargler (12 mm. loftbil í föstum gluggum en 9mm loftbil í opnanlegum gluggafögum og hurðum.)
U-gildi ($W/m^2K$) einstakra byggingahluta skulu vera í samræmi við upptalningu hér að neðan:

| | | |
|---|---|---|
| Þak: | Ti>=18°C | U-gildi: 0,2 |
| Útveggir: | Ti>=18°C | U-gildi: 0,4 |
| Léttur útveggur einangraður í grind: | Ti>=18°C | U-gildi: 0,3 |
| Gluggar (karmar, gler vegið meðaltal, K-gler): | Ti>=18°C | U-gildi: 0,3 |
| Hurðir: | Ti>=18°C | U-gildi: 0,3 |
| Gólf: á fyllingu og að óupphituðu rými. | Ti>=18°C | U-gildi: 0,3 |
| Gólf að útilofti: | Ti>=18°C | U-gildi: 0,2 |
| Útveggir, vegið meðaltal (veggfletir, gluggar og hurðir): | Ti>=18°C | U-gildi 0,3 |

Að öðru leiti skal miða við að kólnunartölur einstakra byggingahluta séu í samræmi við ÍST EN ISO 6946:1996.

Varðandi frekari málsetningar, sjá sérteikningar aðalhönnuðar í mkv. 1:50.
Séruppdrættir skulu unnir þegar aðaluppdrættir hafa verið samþykktir af byggingaryfirvöldum.

## ÞRASTARÁS 16 HAFNARFIRÐI.


Sigurður Þorvarðarson byggingafræðingur bfí.
Teiknistofan Strandgötu 11 220 Hafnarfirði.
Sími: 5651510. Netfang: teiknistofan@islandia.is
STH. teiknistofan ehf. kt. 510298-2769. Kt. aðalhönnuðar: 141250-4189.


| | | |
|---|---|---|
| Skýringar: | Aðaluppdráttur. | |
| Teikning: | Grunnmynd 1. hæð./ Byggingalýsing. | |
| Mælikvarði: | 1 : 100. | Dagsetning: 28 nóvember 2000. |
| Undirskrift: | 31/7 01 | |
| Blað nr: 1 af 5. | | |
| Breytt: Lyfta fjarlægð, innra skipulagi og útliti breytt 08.03.2001. | | |
| Bifreiðageymslur fjarlægðar og bætt við tveimur íbúðum 08.03.2001. | | |
| Gólfkóti hækkaður um 45 sm. 08.03.2001. | | |